



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 24. febrúar 2023
Tilv.: DMR22110056/10.1

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, þar sem nefndin óskar afstöðu þess til álits Sindra M. Stephensen og Víðis Smára Petersen um 428. mál – meðferð sakamála (málsmeðferð hjá Endurupptökudómi), dags. 2. febrúar 2023.

Í álitinu kemur fram að höfundar álitsins séu sammála frumvarpinu, athugasemdum með frumvarpinu svo og umsögn dómsmálaráðuneytisins til allsherjar og menntamálanefndar frá 25. janúar 2023. Telja þeir að með frumvarpinu sé tryggt að Endurupptökudómur geti vísað enduruppteknum dómum Hæstaréttar Íslands til meðferðar og dómsuppsögu í Landsrétti ef þörf krefur, og þá einkum sökum þess að milliliðalaus sönnunarfærsla þurfi að fara fram fyrir dómstólum, óháð því hvort upphaflegt mál hafi áður verið rekið fyrir Landsrétti. Telja þeir frumvarpið til þess fallið að styrkja meginreglur sakamálaréttarfars um milliliðalaus sönnunarfærslu og sannleiksregluna.

Álitshöfundar vekja á hinn bóginn einnig athygli á því að frekari lagabreytingar gætu styrkt framfylgd meginreglna sakamálaréttarfars, þar á meðal um milliliðalaus sönnunarfærslu og sannleiksregluna sem njóti verndar stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Eiga álitshöfundar þar við heimild til handa Hæstarétti til að hlýða á milliliðalaus sönnunarfærslu í enduruppteknum sakamálum við tilteknar aðstæður, svo sem ef Endurupptökudómur af einhverjum ástæðum vísar máli þar sem þörf er á milliliðalausri sönnunarfærslu til Hæstaréttar en ekki Landsréttar, eða þörfin fyrir milliliðalaus sönnunarfærslu verður ekki ljós fyrir en eftir að mál er komið til Hæstaréttar. Lýsa álitshöfundar slíkri breytingu sem öryggisventli sem komi í veg fyrir að mál ónýtist við þessar aðstæður. Rétt er að geta þess að í álitinu eru nefnd fleiri dæmi um aðstæður þar sem slík heimild kæmi að notum.

Ráðuneytið tekur undir með álitshöfundum um að nauðsynlegt sé að taka til athugunar hvort rétt sé lögfesta heimild á borð við þá sem að framan er lýst. Þess háttar breyting er aftur á móti ekki nauðsynleg forsenda þess að tilgangi frumvarpsins verði náð og þarfnast hún nánari skoðunar við. Ráðuneytið bendir í því sambandi á að aðrar leiðir en að milliliðalaus sönnunarfærsla fari fram fyrir Hæstarétti kunna einnig að vera færar að sama marki, svo sem að Hæstiréttur hafi heimild til að vísa máli til Landsréttar reynist þörf fyrir milliliðalaus sönnunarfærslu. Sú leið hefði til að mynda þann kost að unnt væri sækja um leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar í kjölfarið til Hæstaréttar eftir almennum reglum. Einnig er það álit ráðuneytisins að taka þyrfti til athugunar hvort lagaákvæði af þessu tagi, óháð því hvaða aðferð væri lögð til, ætti heima sem varanlegt ákvæði í lögum um meðferð

sakamála fremur en ákvæði til bráðabirgða. Í því tilliti ber einnig að geta þess að lagareglur um framkvæmd skýrslutaka fyrir Hæstarétti er ekki að finna í lögum um meðferð sakamála í dag, en úr því þyrfti að bæta ef lögfest væri ákvæði um heimild Hæstaréttar til að hlýða á skýrslur við meðferð endurupptekins sakamáls.

Með vísan til framangreinds er það mat ráðuneytisins að breyting á borð við þá sem fjallað er um að framan þarfnist gaumgæfilegrar athugunar og undirbúnings, meðal annars með tilliti til annarra réttarfarsreglna laga um meðferð sakamála, og eigi því ekki samleið með því frumvarpi sem allsherjar- og menntamálanefnd hefur nú til meðferðar. Um leið undirstrikar ráðuneytið mikilvægi þeirrar breytingar sem lögð er til með frumvarpinu en um ástæður hennar vísast nánar til frumvarpsins sjálfs og fyrri samskipta ráðuneytisins og allsherjar- og menntamálanefndar vegna málsins.

Að lokum áréttar ráðuneytið þá afstöðu sína, sem áður hefur verið lýst á fundum með allsherjar- og menntamálanefnd, að heppilegt sé að auka við frumvarpið skýru lagaskilaákvæði um að sú breyting sem í því felst taki til mála sem eru til meðferðar hjá Endurupptökudómi en dómurinn hefur ekki úrskurðað um. Að þessu atriði er einnig vikið í umsögnum dómstólasýslunnar og Lögmannafélags Íslands um frumvarpið. Í lagaskilaákvæði af því tagi fælist ekki efnisregla sem hefði áhrif á að hvaða niðurstöðu yrði komist í máli, heldur lægi þá fyrir afdráttarlaus heimild til að vísa málum sem ekki hafa þegar verið endurupptekin til meðferðar og dómsuppsögu í Landsrétti svo heimilt verði að lögum að viðhafa þá aðferð við sönnunarfærslu sem ella yrði farið á mis við fyrir Hæstarétti. Nýlegt fordæmi er fyrir því að mál séu færð á milli dómstiga á hliðstæðan hátt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þegar Landsréttur tók til starfa þann 1. janúar 2018 var í lögum kveðið á um að þau sakamál sem áfrýjað hafði verið eða kærð höfðu verið til Hæstaréttar, og Hæstiréttur hafði ekki lokið meðferð á, skyldu upp frá því rekin fyrir Landsrétti, sbr. 78. gr. laga nr. 49/2016 og 4. gr. laga nr. 53/2017. Eins og rakið er í skýringum við 2. gr. frumvarp þess er varð að síðastnefndu lögunum (þingskjal 672 – 481. mál, 146. löggjafarþing, 2016-2017) var ein röksemda fyrir þeirri tilfærslu að þau mál myndu þá njóta þeirrar málsmeðferðar sem boðið yrði upp á í Landsrétti þannig að unnt yrði að endurmeta sönnunargildi munnlegs framburðar.

Fyrir hönd ráðherra


Bryndís Helgadóttir


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson